



FÉLAGSRÁÐGJAFARSTOFAN

ÍRIS EIK ÓLAFSDÓTTIR
RÉTTARFÉLAGSRÁÐGJAFI MA

Reykjavík, 17. ágúst 2015

**B.t. Félagsmálastjóra,
stjórnenda og starfsmanna félags- og
barnaverndarnefnda**

Efni: Sérfræði- og verktakamál fyrir félags- og barnaverndarnefndir

Íris Eik heiti ég, er réttarfélagsráðgjafi og hef starfað sem slíkur um árabil. Mig langar að vekja athygli ykkar á því að ég hef flutt stofu mína, Félagsráðgjafarstofuna í Þverholt 14, 3. hæð þar sem ég vinn í teymi með sálfræðingum og geðlæknum hjá Áfalla- og sálfræðimiðstöðinni. Stofan er með starfsleyfi frá embætti landlæknis.

Tek að mér **sérfræði- og verktakamál** fyrir félags- og barnaverndarnefndir þar sem ég býð m.a. upp á **meðferðar- og stuðningsviðtöl** á stofu:

- Stuðningar við einstaklinga með mikil félagslegt rót og þurfa stuðning í gegnum dags daglegt líf
- Aðstoð við að leysa úr flóknum félagslegum praktískum úrlausnarefnum
- Viðtöl vegna vímuefnavanda
- Viðtöl við ungmenni í vanda
- Stuðningur við foreldra vegna hegðunarvanda og/eða áhættuhegðunar barna og ungmenna
- Samskipptavandi í fjölskyldum, veikt tengslanet og skilnaðarmál
- Ofbeldi í fjölskyldum
- Reiðivandi

Auk þess tek ég að mér **talsmannshlutverk** barna í barnaverndarmálum, mæti með börnum fyrir dóm eða í skýrslutöku hjá Barnahúsi, skýrslugerð/ vinnslu mála vegna forsjámála og ættleiðingamála og eftirlit með **umgengni**. Jafnframt vinnslu mála þar sem starfsmenn félagsþjónustu eða barnaverndarnefnda eru vanhæfir og/eða önnur þau mál sem nefndir og starfsmenn þeirra telja sig þurfa aðstoð við, hvort sem þau mál eru unnin á höfuðborgarsvæðinu eða úti á landi.

Vímuefnavandi	Áfengisvandi
Fjölskyldur	Ungmenni
Áhættuhegðun	Hættuveðslu
Reiðivandi	Lausnamiðuð naðgum
Félagsráðgjöf Polendur	Hvatningargarvistöfl
Ofbeldi í fjölskyldum	Börn
Aðstandendur	Hegðunarvandi
Afbrotahegðun	Gerendur

Ég sinni **handleiðslu** fyrir starfsmenn félags- og barnaverndarnefnda auk þeirra sem vinna í starfsmannamálum og óska eftir aðstoð við mannaðs- og/eða gæðamál. Einnig get ég tekið að mér hópavinnu og **fræðslu** á sviði réttarfélagsráðgjafar auk almennar félagsráðgjafar.

Félagsráðgjafarstofan hefur nú verið starfrækt í að verða tvö ár og á þeim tíma hefur skapast þekking og reynsla til að sinna verktakavinu á sviði félagsráðgjafar af ýmsum toga.

Ef þið teljið ykkur geta nýtt þessa þjónustu er ykkur velkomið að hafa samband.

Með kveðju,
Íris Eik